

**Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa samkvæmt viðauka 2.3
umembættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2025, fimmtudaginn 27. febrúar kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 1002. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12-14, 2. hæð, Gjáin. Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir. Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ágúst Skorri Sigurðsson, Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, Sólveig Sigurðardóttir, Valný Aðalsteinsdóttir, Hrönn Valdimarsdóttir, Sigríður Maack, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Þórður Már Sigfússon, Britta Magdalena Ágústsdóttir, Ólafur Ingibergsson og Ingvar Jón Bates Gíslason. Fundarritari var Harpa Fönn Sigurjónsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Bríetartún 20 - USK25010215

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. febrúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til þess að koma fyrir 6-gáma djúpgámasetti sem þjóna á samtals 70 íbúðum í matshlutum 01-09, við lóðarmörk sunnan megin við Bríetartún 26, mhl.04 og Bríetartún 28, mhl.05 á lóð nr. 20-36 við Bríetartún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

2. Meistaravellir 19 - USK25010216

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. febrúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til þess að koma fyrir 6-gáma djúpgámasetti sem þjóna á alls 48 íbúðum í fjölbýlishúsunum við Meistaravelli 19-23, mhl.01-03 og Meistaravöllum 25-29, mhl.01-03, staðsettir við norðurhlíð lóðar nr. 19-23 við Meistaravelli. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

3. Laufásvegur 25 - USK24120230

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, mhl. 03 að Þingholtsstræti í norðausturhorni lóðar fjölbýlishúss nr. 25 við Laufásveg.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Laufásvegi 21-23 og Þingholtsstræti 35.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1381/2024.

4. Rauðarárstígur 27 - USK25020151

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til þess að gististað í flokki II, tegund b, fyrir 197 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

5. Skúlagata 4 - USK25010274

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059608 með því að klæða útveggi með ljósgráum Dekto steinflísum að framanverðu en ljósgráum álplötum á bakhlið og viðbyggingu að aftanverðu í húsi nr. 4 við Skúlagötu. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 11. nóvember 2024. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

6. Suðurlandsbraut 52 - (fsp) Rekstur veitingastaðar - USK24110163

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Cibo Amore ehf., dags. 13. nóvember 2024, um rekstur veitingastaðar í húsinu á lóð nr. 52 við Suðurlandsbraut. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

7. Sævarhöfði 2 - (fsp) LED skilti - USK24100036

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. desember 2024 var lögð fram fyrirspurn Arnars Þórs Jónssonar, dags. 3. október 2024, um að setja LED skilti á lóð nr. 2 við Sævarhöfða í stað núverandi flettiskiltis á lóð, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta, dags. 24. september 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

8. Vallargrund 3 - USK25010352

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. febrúar þar sem sótt er um leyfi að breyta upplýstu skilti í stafrænt skilti á lóð nr. 3 við Vallargrund. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

9. Vesturbrún 18 - Málskot - USK25010293

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. janúar 2025 var lagt fram málskot Friðriks Pálssonar og Ingibjargar Guðnýjar Friðriksdóttur, dags. 24. janúar 2025, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 6. júní 2024 um að setja bílastæði á lóð nr. 18 við Vesturbrún, samkvæmt greinargerð, ódags. og uppdr. Betula, dags. 1. september 2023. Einnig er lögð

fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. júní 2024. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.

10. Vatnsstígur 4 - (fsp) Rekstur veitingastaður - USK25010205

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Flóka fasteigna ehf., dags. 21. janúar 2025, ásamt bréfi, dags. 17. janúar 2025, um rekstur veitingastaðar í flokki II á jarðhæð hússins á lóð nr. 4 við Vatnsstíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

11. Vesturgata 23 - (fsp) Breyting á notkun húss - USK24120200

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Immino Fasteignir ehf., dags. 19. desember 2024, ásamt bréfi Landslaga, dags. 18. desember 2024, um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 23 við Vesturgötu úr íbúðarhúsnæði í gististað. Einnig eru lögð fram rök fyrir breytingunni og myndir fyrir og eftir breytingu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. febrúar 2025, samþykkt, með skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn.

12. Lindargata 50 - USK25010073

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. janúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að sameina mhl. 02 og mhl. 03, innrétta menningarhús á 1. hæð og tvær íbúðir á 2. og 3. hæð verkstæðisbyggingar á lóð nr. 50 við Lindargötu.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

13. Vatnsveituv. Fákur - USK24050151

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. janúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. janúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að byggja stoðvegg við Faxaból 12 á lóð við Vatnsveituveg Fákur. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt fyrri umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. maí 2024.

Neikvætt með vísan til fyrri umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 30. maí 2024.

14. Vesturbæjarlaug - Breyting á deiliskipulagi - Hofsvallagata 54 - USK24080295

Að lokinni auglýsingu er að nýju lögð fram nýju tillaga umhverfis- og skipulagssvið að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á skipulagsmörkum. Innan nýja deiliskipulagssvæðisins eru skilgreindar fjórar lóðir, ný afmörkun fyrir lóð Vesturbæjarlaugar og Vesturborgar, ný lóð undir veitingavagn og ný lóð fyrir grenndarstöð, samkvæmt uppd. Landmótunar, dags. 12. september 2024, br. 24. febrúar 2025. Tillagan var auglýst frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Ábendingar og umsagnir bárust. Erindinu var vísað til meðferðar hjá

verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. desember 2024 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.

15. Öskjuhlíð - Framkvæmdaleyfi vegna trjáfellingar / Grisjunar trjáa - USK25020260

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lögð fram umsókn umhverfis- og skipulagssviðs, Náttúra og garðar, dags. 19. febrúar 2025, um framkvæmdaleyfi vegna trjáfellingar / Grisjunar trjáa í Öskjuhlíð. Einnig er lagt fram minnisblað Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 21. janúar 2025, um minjar á svæði fyrir aðflug og brottflug að flugbrautum 13/31 úr austri og minnisblað Isavia, dags. 14. febrúar 2025, um mat á aðferðarfræði við trjáfellingu í Öskjuhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025. Vísað til skrifstofu stjórnýslu og gæða til útgáfu framkvæmdaleyfis.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1381/2024.

16. Ljósvallagata 14 - (fsp) svalir - USK25020020

Lögð fram fyrirspurn P107 ehf., dags. 3. febrúar 2025, ásamt bréfi, dags. 3. febrúar 2025, um að setja svalir á húsið á lóð nr. 14 við Ljósvallagötu, samkvæmt skissu. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

17. Reykjavíkurflogvöllur - (fsp) Mastur - USK23070192

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn Isavia innanlandsflugvalla ehf., dags. 18. júlí 2023, ásamt bréfi, dags. 13. júlí 2023, um að setja upp 30 m hátt myndavélamastur fyrir fjarturn á Reykjavíkurflogvelli. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt. Vinna þarf tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

18. Landspítali, Fossvogi - (fsp) Tímabundnar færanlegar einingar við bráðamóttöku Landspítalans - USK25020315

Lögð fram fyrirspurn Gunnars Svavarssonar, framkvæmdastjóri NLSH ohf. f.h. NLSH ohf., dags. 25. febrúar 2025, um tímabundnar færanlegar einingar við bráðamóttöku Landspítala, Fossvogi, samkvæmt uppdraetti THG Arkitekta ehf., dags. 19. febrúar 2025. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

19. Bakkagerði 11 - USK24100344

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, gera kvist og breyta innra skipulagi ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum garðskála við einbýlishús á lóð nr. 11 við Bakkagerði.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

20. Barðavogur 36 - USK25010085

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að dýpka kjallara, innrétta íbúð 0001 og fjölga þannig eignum í íbúðarhúsi á lóð nr. 36 við Barðavog.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

21. Kænuvogur 57 - (fsp) breyting á notkun - USK25020216

Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, dags. 18. febrúar 2025, um að breyta notkun rýmis merkt 0301 í húsinu á lóð nr. 57 við Kænuvog úr vinnustofu í stúdíóíbúð.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

22. Reitur 1.174.2 - (fsp) Breyting á deiliskipulagi - Laugavegur 72 og 74 - USK25010071

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. febrúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Leiguíbúða ehf., dags. 8. janúar 2025, ásamt greinargerð Orra Árnasonar f.h. Leiguíbúða, dags. 8. janúar 2025, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.2 vegna lóða nr. 72 og 74 við Laugaveg, sem felst í að flytja byggingarmagn á lóðum til að stækka hótél á lóð nr. 74 við Laugaveg og teygja það yfir á lóð nr. 72 við Laugaveg, samkvæmt uppdr. Zeppelin Arkitekta, dags. 8. janúar 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

23. Skeifan-Fenin - Breyting á deiliskipulagi - Skeifan 7 og 9 - USK24050162

Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsókn Halldóru Kristínar Bragadóttur, dags. 14. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna-Fenin vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Skeifuna. Í breytingunni sem lögð er til felst m.a. að sameina lóðirnar og afmarka þær í eina nýja lóð að viðbættu borgarlandi að Suðurlandsbraut, rífa niður þær byggingar sem fyrir eru á lóðunum og reisa nýja byggingu með íbúðum og atvinnuhúsnæði á nýrri sameinaðri lóð. Byggingin verður að mestu leyti 4 til 6 hæða með randbyggð umhverfis upplyftan garð, en þó 8 hæðir á norðvesturhorni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Kanon arkitekta, dags. 13. maí 2024, síðast br. 10. október 2024. Einnig er lögð fram greinargerð og skilmálar Kanon arkitekta, dags. 13. maí 2024, síðast br. 2. október 2024, og skuggavarpsuppdrættir Kanon arkitekta, dags. 10. október 2024. Jafnframt er lögð fram tæknileg áreiðanleikakönnun VSÓ ráðgjafar dags. í júní 2020, minnisblað Mannvits, dags. 7. mars 2023, um sig á gólfplötum 2. og 3. hæðar Skeifunnar 7, minnisblað Hnit verkfræðistofu, dags. 19. apríl 2024, um grundun væntra nýbygginga að Skeifunni 7 og 9, hljóðvistarskýrsla Arnheiðar Bjarnadóttir hjá Hljóðvist Ráðgjöf og Hönnun, dags. 6. maí 2024, minnisblað Mannvits, dags. 14. maí 2024, vegna skoðunar og sýnatöku að Skeifunni 7, greinargerð Hnits verkfræðistofu, dags. í maí 2024, um endurnotkunaráætlun og

koldíoxíðspor og samgöngumat VSÓ ráðgjafar, dags. í maí 2024. Tillagan var auglýst frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Athugasemdir og umsögn bárust.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

24. Borgartúnsreitir - Breyting á deiliskipulagi - Bríetartún 3-5 - USK24100004

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Freys Frostasonar, dags. 1. október 2024, um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og nýtingarhlutfall aukið, heimilt verður að bæta tveimur hæðum ofan á núverandi heimildir á norðausturhluta lóðar, bílastæðum er fækkað um 22 stæði og verða engin bílastæði ofanjarðar á lóð, en við ákvörðun um fjölda bílastæða er farið eftir bíla- og hjólastæðareglum borgarinnar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. THG arkitekta, dags. 3. desember 2024. Tillagan var auglýst frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Athugasemdir og umsögn bárust.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

25. Drafnarstígur 9 - (fsp) Uppbygging á lóð - USK25010306

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. febrúar 2025 var lögð fram fyrirspurn 365 hf., dags. 28. janúar 2025, ásamt bréfi DAP, dags. 28. janúar 2025, um uppbyggingu íbúðarhúss á lóð nr. 9 við Drafnarstíg, samkvæmt tillögu DAP, dags. 21. janúar 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

26. Lindargata 58 - (fsp) Breyting á notkun - USK25010319

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Haralds Ingvarssonar, dags. 29. janúar 2025, ásamt greinargerð, ódags., um að breyta notkun rýmis merkt 0102 úr geymslu/vinnustofu í íbúð. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Plúsarkitekta, dags. 14. nóvember 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

27. Reitur 1.182.3, Kárastígsreitir - (fsp) Breyting á deiliskipulagi - Skólavörðustígur 37 - USK25010295

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar, dags. 27. janúar 2025, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárastígsreits, vegna lóðarinnar nr. 37 við Skólavörðustíg sem felst í að rífa niður húsið og endurbyggja með sama útliti en þó nýrri útfærslu á kvistum og að byggja kjallara að norður lóðarmörkum. Einnig er lögð fram samantekt ásamt yfirliti hæða og breytinga, ódags., skýrsla VSÓ Ráðgjafar, dags. 24. september 2024, um hönnunarforsendur burðavirkja og samantekt á niðurstöðu frumathugunar og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 6. febrúar 2025.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

28. Skólavörðustígur 25 - USK24070312

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. nóvember 2024 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs upp að og ofaná mhl. 03, gera verönd á hluta þaks, innrétta geymslur í kjallara og skrifstofur á hæð og sameina í einn matshluta hús á lóð nr. 25 við Skólavörðustíg. Erindið var grenndarkynnt frá 10. desember 2024 til og með 14. janúar 2025. Athugasemdir bárust. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. janúar 2025 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.

29. Jarðstöð Úlfarsfellslandi - L125534 - Uppskipting lóðar - USK25010120

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram umsókn Símans hf., dags. 14. janúar 2025, ásamt greinargerð, ódags. um að skipta upp lóð á Jarðstöð Úlfarsfellslandi, landeignanúmer 125534, samkvæmt uppd. Þórarins Sigurðssonar, dags. 13. desember 2024. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 samþykkt, með vísan til skilyrða og leiðbeininga sem fram koma í umsögn.

30. Járnslettta 4 - USK25020122

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. febrúar þar sem sótt er um leyfi til að byggja þrjú stálgrindarhús og innrétta 20 geymslur í hverju á lóð nr. 46 við Járnslettta. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

31. Klettasvæði - Breyting á deiliskipulagi - Klettagarðar 15-17 - USK24100035

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn VSÓ Ráðgjafar, dags. 3. október 2024, ásamt bréfi, dags. 3. október 2024, um breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 15-17 við Klettagarða. Í breytingunni sem lögð er til felst að breyta lögun byggingarreits norðan við núverandi byggingar ásamt því að fyrirkomulag bílastæða er ekki bindandi, samkvæmt uppd. VSÓ Ráðgjafar, dags. 3. október 2024. Erindið var grenndarkynnt frá 28. janúar 2025 til og með 25. febrúar 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda, sbr. heimildir um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka 2.3. við samþykktum stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

32. Sundagarðar 10 - Framkvæmdaleyfi - USK25020117

Lögð fram umsókn Brimgarða ehf., dags. 11. febrúar 2025, um framkvæmdaleyfi vegna landmótunar austan við lóð nr. 10 við Sundagarða í framhaldi af stækkun athafnarsvæðis og nýrra bygginga á lóðinni.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1381/2024.

33. Sævarhöfði 2 - (fsp) Breyting á notkun lóðar - USK25010254

Lögð fram fyrirspurn BL ehf., dags. 23. janúar 2025, um breytingu á notkun lóðarinnar nr. 2 við Sævarhöfða úr viðskipta- og þjónustulóð í íbúðarlóð, samkvæmt tillögu Arkís arkitekta, dags. í desember 2024.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

34. Í Úlfarsfellslandi - L125479 - Uppskipting lóðar - USK24120226

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. janúar 2025 var lögð fram umsókn Hróðmars Dofra Hermannssonar, dags. 22. desember 2024, ásamt greinargerð, dags. 22. desember 2024, um að skipta upp lóð Í Úlfarsfellslandi, með landeignanúmerinu 125479, í fimm smærri lóðir, samkvæmt uppdrætti Þórarins Sigurðssonar, dags. 13. desember 2024. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 samþykkt, með skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn.

35. Drápuhlíð 14-16 - USK25010222

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. janúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, grafa frá húsi á suðurhlíð, byggja hjólaskýli í garði, gera ljósgrýfju á norðurhlíð og koma fyrir sorpgerði þar ásamt því að innrétta fimm íbúðir í fyrrum heilsugæslu í húsi á lóð nr. 14 við Drápuhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025, samþykkt, með skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn.

36. Efstaland 26 - USK25020153

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. febrúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. febrúar þar sem sótt er um leyfi til að innrétta vistheimili barna á 3. hæð í Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. febrúar 2025, samþykkt.

37. Fossháls 13-15 - (fsp) Lagerhúsnæði og bílastæði - USK25010252

Lögð fram fyrirspurn Djúpadals ehf, dags. 22. janúar 2025, um uppbyggingu nýs lagerhúsnæðis á lóð nr. 13-15 við Fossháls með bílastæðum uppá þaki fyrir efri hæðir byggingar, samkvæmt uppdráttum K.J.ARK, dags. 21. janúar 2025.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

38. Hraunberg 4 - (fsp) Opna hluta þaks og gera þaksvalir - USK25020189

Lögð fram fyrirspurn Kristjáns Bjarnasonar, dags. 16. febrúar 2025, um að opna hluta þaks hússins á lóð nr. 4 við Hraunberg og gera þar svalir sem væru brunahólfaðar og nýttar sem flóttaleið, samkvæmt fyrirspurnaruppr. Arkitektastofu Austurvallar, dags. 15. febrúar 2025.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

39. Skógarhlíð 18 - USK25020066

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. febrúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til fyrir notkunarbreytingu þar sem áður voru geymslur og bílakjallari í biðstofu og þjónusturými fyrir geðheilsuteymi taugabroskaraskana auk þess veður gluggasetningum breytt og brunavarnir uppfærðar.

Vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Fundi slitið kl. 14:57

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir